

FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 19. júní kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn undir lið 6 Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 27. maí 2020

Lögð var fram fundargerð frá 27. maí 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 27. maí 2020 var samþykkt án athugasemda og undirrituð. Einnig voru undirritaðar fundargerðir frá 27. mars og 24. apríl 2020 sem höfðu verið samþykktar á fjarfundi nefndarinnar 27. maí 2020.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Uppfærð áætlun vegna tekjufalls í kjölfar Covid-19

Lögð voru fram ný drög að rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2020. Drögin byggja á uppfærðri áætlun um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2020, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2019 og áætlunum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2020. Gert er ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs verði 788.735 m.kr. á árinu sem er 131.000 m.kr. lækkun frá fyrri áætlun. Þá er áætlað að álagningarstofn útsvars árið 2020 nemi 1.711.000 m.kr. sem er 3,3% lægri álagningarstofn en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun.

Samkvæmt nýrri greiðslu- og rekstraráætlun munu tekjur Jöfnunarsjóðs nema 50.157.649 þús. kr. árið 2020 sem er lækkun um 3.796.986 þús. kr. frá fyrri áætlun.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina.

3. Endurskoðaðar áætlanir um framlög

Nýjar áætlanir um framlög Jöfnunarsjóðs á grundvelli uppfærðrar rekstraráætlunar voru lagðar fram og kynntar.

Útgjaldajöfnunarframlög

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. júní 2020, varðandi enduráætlun á útgjaldajöfnunarframlögum á árinu 2020. Enduráætlunin er að fjárhæð 8.250 m.kr. sem er lækkun um 2.150 m.kr. frá fyrri áætlun. Lagt er til að til úthlutunar komi 7.450 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. samkvæmt B-hluta eða samtals 8.025 m.kr.

Fasteignaskattsframlög

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. júní 2020, um enduráætlun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna. Sú enduráætlun er að fjárhæð 4.122,9 m.kr. sem er lækkun um 833,5 m.kr. frá fyrri áætlun.

Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Lögð var fram til samþykktar 2. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. júní 2020. Gert er ráð fyrir 600 m.kr. lækkun framlaga frá 1. áætlun. Í nýrri áætlun hefur verið tekið tillit til athugasemda þjónustusvæða vegna endanlegrar áætlunar 2019 varðandi stöðu þjónustu á svæðunum. Þá hafa undirliggjandi gögn verið samkeyrð við uppfærðar upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um andlát þjónustuþega og lögheimilisskráningar.

Engar athugasemdir voru gerðar við framangreindar áætlanir og leggur nefndin til við ráðherra að þær verði samþykktar.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, dags. 9. júní 2020. Þá voru kynntir útreikningar á hugsanlegum framlögum til einstakra sveitarfélaga miðað við reglugerðina. Einnig var tekin til umræðu bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um reglugerðina. Í henni er lögð þung áhersla á að Alþingi veiti sérstök fjárframlög til Jöfnunarsjóðs til að standa straum af kostnaði hans við væntanlegar sameiningar, sér í lagi vegna tekjufalls sjóðsins í kjölfar Covid-19.

5. Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Skaftárhreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu beiðni Skaftárhrepps, dags. 16. júní 2020, um framlag á grundvelli 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til greiningar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Óskað er eftir framlagi að upphæð 4 m.kr. vegna greinargerðar KPMG um stöðuna ásamt áframhaldandi vinnu vegna málsins. Í greinargerðinni kemur fram að sveitarfélagið standi frammi fyrir 50-60 m.kr. fjárþörf í lok árs og mikilvægt sé að fylgjast vel með stöðunni.

Samþykkt var að veita framlag til Skaftárhrepps allt að 4 m.kr. með fyrirvara um meðmæli eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

6. Skálatún

Lagt var fram minnisblað Hermanns Sæmundssonar, skrifstofustjóra í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, um samskipti Skálatúns og Mosfellsbæjar. Þar er lagt til að ráðherra veiti 65 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. heimild í 4. gr. reglugerðar nr. 145/2019, til að greiða niður yfirdráttarheimild og tryggja lausafjárstöðu Skálatúns vegna reksturs þjónustu og umbótaverkefna. Auk þess er lagt til að Jöfnunarsjóður greiði kostnað, allt að 10 m.kr., vegna verkefnisstjórnar við framkvæmd og útfærslu umbótatillagna sem lagðar voru til í úttekt sem unnin var af Þóreyju I. Guðmundsdóttur.

Fallist var á að veita framlag að upphæð 65 m.kr. til að koma til móts við rekstrarvanda Skálatúns. Auk þess var fallist á að greiða kostnað vegna verkefnastjórnar við framkvæmd og útfærslu umbóta á rekstri starfseminnar allt að 10 m.kr.

7. Staða ýmissa mála

Farið var yfir stöðu ýmissa mála frá fundi ráðgjafarnefndar 24. apríl 2020. Þar á meðal erindi frá Félagsbústöðum varðandi framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og drög að samkomulagi um stuðning við sumar- og helgardvöl fatlaðra einstaklinga í Reykjadal.

Ákveðið var að starfsmenn Jöfnunarsjóðs tækju erindi Félagsbústaða til frekari athugunar. Einnig var ákveðið að leita eftir gögnum úr Reykjadal svo hægt sé að taka ákvörðun um málið á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

8. Árleg ferð ráðgjafarnefndar

Ákveðið var að ráðgjafarnefnd myndi halda í árlega ferð sína dagana 26.-28. ágúst 2020. Norðurland vestra yrði heimsótt.

Þá var ákveðið að nefndin kæmi næst saman í haustferðinni nema ef ástæða þætti til að boða til fjarfundar í millitíðinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundinum slitið stundarfjórðungi fyrir klukkan tvö.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson